

Stjórnarfundur Tækniminjasafns Austurlands

Stjórnarfundur haldinn í Tækniminjasafni Austurlands fimmtudaginn 1. desember 2005.

Mættir: Björn Hansson, Grétar Benjamínsson, Jóhann Grétar Einarsson og Pétur Kristjánsson sem jafnframt stýrði fundi.

1. Lagðir voru fram ársreikningar safnsins og kom þar í ljós að bærinn hefur greitt fyrir okkur 5.2 milljónir en safnið á útistandandi styrkloforð fyrir rúmar 5.6 milljónir.
2. Fjárhagsáætlun 2006 eru niðurstöðutölur 21.0 milljónir rúmlega.
3. Farið yfir verkefni ársins og þar á meðal minnismerki vegna 100 ára afmæli sæsimans.
4. Verkefni næsta árs verður að stórum hluta tileinkað símanum vegna 100 ára afmælis og fæst hluti af Fjarskiptasafninu í Reykjavík flutt austur og okkur til eignar.
5. Samið var við Guðjón um hönnun á minnisvarða vegna 100 ára afmælis sæsimans, mun minnisvarðinn verða staðsettur þar sem húsið Skuld stóð.
6. Kynntar voru þær umsóknir sem sendar voru nú í vetur.
7. Forstöðumanni var falið að ganga frá kaupum á Skemmunni í samræmi við áður gerða samninga við Byggðastofnun.
8. Rætt var um framtíð safnsins. Fundarmenn óskuðu eftir að fundir yrðu tíðari.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Undirritað:

Pétur Kristjánsson
Jóhann Grétar Einarsson
Grétar R. Benjamínsson
Björn Hansson